

## Stefna í umhverfis-, orku-, heilbrigðis- og öryggismálum


Við erum staðráðin í því að standa vörð um umhverfið og hafa sjálfbærni að leiðarljósi í orkunotkun og nýtingu náttúruauðlinda. Þetta á jafnt við um framleiðsluferli okkar og vörur. Umhverfismat á vörum okkar hefst strax á þróunarstiginu. Markmið okkar er að gera enn betur en okkur er skylt í því að koma í veg fyrir mengun, eða minnka hana eins og kostur er, auk þess að draga úr orkunotkun eins og hægt er innan þess efnahags- og tækniramma sem við störfum. Heilbrigði og öryggi á vinnustað er hluti af fyrirtækjamenningu okkar og ábyrgð sem við öxlum gagnvart starfsfólki okkar.

## Stefnumið í umhverfis-, orku-, heilbrigðis- og öryggismálum

1. Við vinnum stöðugt að því að draga úr álagi á umhverfið, lágmarka áhættu og draga úr orku- og auðlindanotkun, umfram það sem okkur er skylt lögum samkvæmt.
2. Við gerum viðeigandi varúðarráðstafanir til að forðast umhverfisskaða og koma í veg fyrir umhverfis-spjöll.
3. Möguleg umhverfisáhrif á vistferli vörunnar eru metin og tekin til greina sem fyrst í framleiðsluferlinu.
4. Með því að beita virkri umhverfis-, orku- og vinnuöryggisstjórnun tryggjum við framkvæmd þessarar stefnu. Fylgst er með viðkomandi skipulags- og tækniferlum og þeir eru í stöðugri þróun. Við leitumst við að bæta stöðugt stjórnunarkerfi okkar með því að setja okkur markmið til að bæta umsjón með umhverfis-, orku- og vinnuöryggisstjórnun.
5. Farið er fram á að hver starfsmaður sé meðvitaður um umhverfið og fylgi reglum um vinnuöryggi. Það er á ábyrgð stjórnenda að efla meðvitund um umhverfisábyrgð, orkunotkun og vinnuöryggi á öllum stigum.
6. Við vinnum með samstarfsaðilum okkar að því að ná slíkum markmiðum. Við veitum hagsmunaaðilum upplýsingar um hvernig þeir geti lágmarkað hugsanleg neikvæð áhrif af vörum okkar á umhverfið eða vinnuöryggi.
7. Við erum fús til þess að starfa með þar að lútandi yfirvöldum.
8. Við látum almenning vita af umhverfisáhrifunum af starfsemi fyrirtækisins og starfsemi okkar hvað varðar umhverfið og vinnuöryggi.
9. Öruggt, heilbrigt og þægilegt vinnuumhverfi er forgangsatriði hjá okkur svo hægt sé að koma í veg fyrir vinnuslys og sjúkdóma. Við uppfyllum allar lagalegar kröfur og kröfur sem varða heilsu og öryggi í starfi.
10. Við leggjum áherslu á forvarnir til að draga úr áhættu fyrir starfsmenn og fjarlægja slysaáhrif. Starfsmenn taka virkan þátt í vinnuöryggisferlum.
11. Við kaupum leitumst við að kaupa endurnýjanlega orkugjafa og orkusparandi vörur og þjónustu sem bætir orkunýtingu okkar.



(Akureyri, Sept. 21, 2018 Rúnar Sigurpálsson)



(Akureyri, Sept. 21 2018 Florian Delpoux)